

**Ed.**

**177. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.  
Flutningsmaður Ari Jónsson.

Stranda læknishéraði og Miðfjarðar læknishéraði skal skift í þessi þrjú læknishéruð:

Reykjarfjarðarhérað: Árneshreppur og Kaldrananesshreppur.  
Læknissetur á Reykjarfirði.

Bitruhérað: Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og ytri hluti Bæjarhrepps að Laxá í Hrútafirði. Læknissetur í Bitruhrepp eða Fellshrepp.

Miðfjarðarhérað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og innri hluti Bæjarhrepps í Strandasýslu að Laxá.